



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Undanþága frá greiðslu gjalda í frístundaheimili

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. ágúst 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2017, um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimilum vegna barna sem eru nýflutt til landsins, eru að hefja skólagöngu á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku. Jafnframt lagðar fram reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl í frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi.

Tillagan sviðsstjóra var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar fagna verkefni sem styður nýja íbúa borgarinnar til virkari þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og lengir viðveru tvítýngdra barna í íslensku málumhverfi. Verklagsreglur eru mjög skýrar og lögð er áhersla á að skólastjórnendur gæti þess að í móttökuvíðtali nýrra nemenda sé foreldrum kynnt frístundatilboð. Framkvæmdastjórar fagna því að skýra eigi upp ábyrgð og hlutverk hvers og eins og innleiða þannig að stjórnendur sem starfa á skóla- og frístundasviði séu meðvitaðir um það. Hvort sem verkefnið hlýtur framgang áfram eða ekki er mjög mikilvægt að hafa skýra verkferla varðandi móttöku- og skilafundi á sviðinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir kynningu á framkvæmd reglna um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru nýflutt til Íslands. Árangur þessa verkefnis er augljós en af þeim 43 börnum sem fengu gjaldfrjálsa dvöl á frístundaheimili héldu 36 þeirra áfram dvöl á frístundaheimilinu eða nærri 84%. Þetta verður að teljast mikilvægt skref í aðlögun þessara barna og er í samræmi við stefnuna að auka viðveru barna af erlendum uppruna í íslensku málumhverfi eins snemma og kostur er. Meirihlutinn fagnar þessum góða árangri verkefnisins og að því verður haldið áfram í það minnsta næstu þrjú árin, m.a. með það í huga að geta veitt enn fleiri börnum í þessum hópi frístundapjónustu í framtíðinni.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 21. ágúst 2017
Reglur um undaþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Undanþága frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimilum vegna barna sem eru nýflutt til landsins, eru að hefja skólagöngu á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku.

Á 106. og 107. fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. október og 26. október 2016 samþykkti skóla- og frístundaráð reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi. Reglurnar tóku gildi þann 1. nóvember 2016 og giltu til 10. júní 2017.

Forsaga málsins

Í skýrslu starfshóps um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku er meðal annars lagt til að þátttaka barna með annað móðurmál en íslensku í frístundastarfi verði efl. Í frístundastarfinu gefist gott tækifæri til að vinna markvisst með félagslega tungumálið og efla þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íslenskri barnamenningu. Þetta verði m.a. gert með eftirfarandi aðgerð:

„Tryggt verði að öll börn með annað móðurmál en íslensku sem hefja skólagöngu á Íslandi í fyrsta sinn á aldrinum 6-8 ára, fái boð um þátttöku í frístundastarfi fyrstu þrjá mánuðina eftir að skólaganga þeirra hefst, foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.“

Ákveðið var að ráðstafa kr. 2.500.000.- af fjármagni vegna umbótaþáttarins fjölmening í starfsáætlun SFS 2016 til þess að koma aðgerðinni í framkvæmd.

Undirbúningur

Hafist var handa við að undirbúa undanþágur frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimilum vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi í byrjun haustannar 2016 þar sem útbúnar voru reglur fyrir verkefnið. Í þeim er m. a. kveðið á um að megin markmið verkefnisins sé að efla þátttöku barna í frístundastarfi þar sem þeim stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili. Reglurnar gilda fyrir börn í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til landsins á árinu 2016 og hafa annað hvort búið erlendis í fimm ár eða lengur

eða eru með annað móðurmál en íslensku. Jafnframt er lögð áhersla á að skólastjórnendum og forstöðumönnum frístundaheimila ber að kynna þessar reglur fyrir foreldrum barna sem geta nýtt sér þær. Lögð er áhersla á að skólastjóri boði forstöðumenn frístundaheimila í móttökuvíðtali líkt og kveðið er á um í móttökuáætlun grunnskólanna. Á þeim vettvangi getur forstöðumaður frístundaheimilis boðið foreldrum uppá gjaldfrjálsa dvöl fyrir barnið. Taki forstöðumaður í einhverjum tilfellum ekki þátt í móttökuvíðtali ber skólastjórnendum að fá leyfi hjá foreldrum til að upplýsa forstöðumann frístundaheimilisins um barnið og spyrja hvernig hann geti haft samband við foreldrana til að kynna fyrir þeim þetta tilboð.

Framkvæmd

Verkefnið og verklagsreglur voru kynntar fyrir skólastjórnendum og stjórnendum frístundamiðstöðva á haustönn. Skólastjóra og forstöðumanni frístundaheimilis viðkomandi skóla var sendur póstur þar sem hvatt var til að bjóða þeim börnum og foreldrum þeirra sem reglurnar áttu við uppá þetta tilboð. Fjármálastjórar í samstarfi við deildastjóra og forstöðumenn frístundaheimila sendu mánaðarlega lista með nöfnum barnanna sem tóku þátt og foreldrum þeirra á verkefnastjóra fjölmenningar, Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, sem tók listana saman og sendi á Kristínu Blöndal, innheimtustjóra SFS, sem sá um að fella niður reikningana.

Þátttaka

Skv. fyrirliggjandi upplýsingum fengu 43 börn gjaldfrjálsa dvöl á frístundaheimili á tímabilinu nóvember 2016 til júní 2017. Af þessum 43 börnum héldu 36 þeirra áfram dvöl sinni. Samkvæmt upplýsingum úr niðurstöðum *Milli mála* málkönnunarprófsins féllu 76 börn í grunnskólum Reykjavíkur þann 1. febrúar 2017 undir skilyrði reglnanna og áttu rétt á gjaldfrjálsu frístundaheimilastarfi. Samkvæmt forstöðumönnum frístundaheimila var frístundakortið kynnt fyrir flestum foreldrum sem tóku þátt í verkefninu, en það er mikilvægur liður í því að auka þátttöku þessara barna í frístundastarfi og meðal annars er hægt að nýta frístundakortið til að greiða niður gjald á frístundaheimilum.

Niðurstöður og framhald

Samkvæmt ummælum forstöðumanna og skólastjórnenda er mikil ánægja með þetta brýna verkefni sem styður nýja íbúa borgarinnar til virkari þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og lengir viðveru tvítyngdra barna í íslensku málumhverfi. Eins og fram kom hér að ofan eru verklagsreglur fyrir verkefnið mjög skýrar og lögð er áhersla á að skólastjórnendur gæti þess að í móttökuvíðtali nýrra nemenda sé foreldrum kynnt þetta tilboð. Mikilvægi þess að upplýsingarnar skili sér til foreldra er lykilþáttur í því að verkefnið beri árangur. Í vor var kallað eftir ábendingum frá forstöðumönnum frístundaheimila um hvernig betur mætti standa að verkefninu og framhaldið endurskoðað með hliðsjón af þeim ef áframhald verður á verkefninu.

Gott samstarf þarf að vera á milli skólastjórnenda og forstöðumanna og hlutverk og ábyrgð hvers og eins þurfa að vera skýr. Undirbúningur og stuðningur við móttöku nýrra nemenda inn í skipulagt frístundastarf þarf að vera markvissara. Að þessu verður unnið fyrir komandi

skólaár. Móttökuáætlun Árbæjarskóla, frístundamiðstöðvarinnar Ársels og þjónustumiðstöð Árbæjar er til að mynda fyrirmyndar dæmi sem ætti að vera innleitt inni öll hverfi Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að svipaður fjöldi barna geti öðlast rétt skv. reglunum á komandi árum og er lagt til að verkefnið haldið áfram frá 2017 – 2020 og að kostnaðurinn verði nálægt 3.5 milljónum á ári. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2017. Gera þarf ráð fyrir áframhaldandi fjárveitingu í verkefnið í fjárhagsáætlunum 2018-2020.

Reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi

1. Til að efla þátttöku barna í frístundastarfi sem flutt hafa til Íslands á árinu 2017, 2018 og 2019 og eru í grunnskóla rekrum af Reykjavíkurborg, stendur þeim og foreldrum þeirra til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili sem rekið er við þann grunnskóla er barnið stundar nám við.
2. Reglurnar gilda um börn í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til landsins á árinu 2016 og hafa annaðhvort búið erlendis í fimm ár eða lengur eða eru með annað móðurmál en íslensku.
3. Foreldrar geta fengið undanþágu frá greiðslu gjalda í 3 mánuði óháð fjölda daga og verða þessir þrjú mánuðir að vera í samfellu. Kostnaður við síðdegishressingu er innifalinn. Foreldrar þurfa að greiða fyrir lengda viðveru (á foreldradögum og starfsdögum og í jóla- og páskafríum grunnskóla).
4. Skólastjórnendum og forstöðumönnum frístundaheimila ber að kynna þessar reglur fyrir foreldrum barna sem geta nýtt sér þær.
 - a. Skólastjórnendur hafa yfirsýn yfir börn sem eru nýflutt til Íslands, þ.e. á árinu 2016, og eru að hefja nám í 1. – 4. bekk. Skólastjóri boðar forstöðumann frístundaheimilis í móttökuviðtal vegna barna sem eru með annað móðurmál en íslensku, eru nýflutt til landsins og eru að byrja í 1.-4. bekk grunnskólans skv. móttökuáætlun, sjá: <http://reykjavik.is/mottokuaaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>. Þar býður forstöðumaður frístundaheimilis foreldrum upp á gjaldfrjálsa dvöl fyrir barnið á frístundaheimili í þrjá mánuði.
 - b. Taki forstöðumaður frístundaheimilis í einhverjum tilfellum ekki þátt í móttökuviðtali ber skólastjórnendum að fá leyfi hjá foreldrum til upplýsa forstöðumann frístundaheimilisins um barnið og hvernig hann geti haft samband við foreldrana til að

- kynna fyrir þeim frístundaheimilið og undanþágu frá greiðslu gjalda.
- c. Staðlað upplýsingablað um undanþágu frá greiðslu gjalda vegna frístundaheimila er notað við að kynna verkefnið fyrir foreldrum.
 - d. Forstöðumenn frístundaheimila eru hvattir til að nota túlk, annað hvort símatúlk eða á fundi.
 - e. Forstöðumenn frístundaheimila fá efni til að stuðnings við móttöku tví- og fjöltýngdra barna á frístundaheimili.
 - f. Forstöðumaður frístundaheimilis aðstoðar foreldra við að skrá barnið á frístundaheimilið.
5. Reglurnar gilda jafnframt fyrir foreldra og börn sem eru í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík, að því gefnu að við skólann sé rekið frístundaheimili. Að uppfylltum skilyrðum reglnanna greiðir skóla- og frístundasvið hlut foreldra í gjaldi fyrir dvöl í frístundaheimili enda taki gjaldskrá frístundaheimilisins mið af gjaldskrá fyrir frístundaheimili Reykjavíkurborgar.
6. Reglurnar taka gildi 1. október 2017 og gilda til 10. júní 2020. Gjaldfrjáls frístund þarf að hafa átt sér stað innan framangreinds tíma.